

HAFNARFJARÐARBÆR
SKIPULAGS- OG BYGGINGAFULLTRÚI
Strandgötu 8-10, 220 Hafnarfjörður
Sími 585 5600 Fax 585 5609

Innk: 17.12.15
Málsnr: 15/2300
Bréfafi: 5241

Umsókn um byggingarleyfi

Afgreiðsla skipulags- og byggingarfulltrúa

1. Umsækjandi

Nafn umsækjanda/eiganda	Kennitala	Heimilisfang	Netfang
Húsf. Suðurvangi 2-6	700804-3130	Suðurvangi 2	andri@verksyn.is

2. Lóð

Heiti	Nr.	Staðgreinir	Matshluti	Landnúmer
Suðurvangur	2-6	1400-1-23900050	01, 02 og 03	122616

3. Tegund byggingar / framkvæmdar

<input type="checkbox"/> Einbýlishús	<input type="checkbox"/> Parhús	<input type="checkbox"/> Raðhús	<input checked="" type="checkbox"/> Fjölbýlishús	<input type="checkbox"/> Atvinnuhúsnæði
<input type="checkbox"/> Skilti	<input type="checkbox"/> Annað, hvað?	Klæðning úti og breyting á gluggum.		

4. Framkvæmd sem sótt er um

Aðrar upplýsingar varðandi framkvæmd	Framkvæmd	Aðalbyggingarefni
Sótt er um leyfi til að klæða útveggi á austurhlíð	<input type="checkbox"/> Ný framkvæmd / nýbygging	<input checked="" type="checkbox"/> Steinsteypa
Suðurvangs 6 með sléttri álklaðningu á álundirkerfi	<input type="checkbox"/> Viðbygging	<input type="checkbox"/> Timbur
með harðpressaðri steinullareinangrun á milli. Sótt er um	<input type="checkbox"/> Breyting inni	<input type="checkbox"/> Stál
leyfi til að bæta póstum og opnanlegum fögum í stiga-	<input checked="" type="checkbox"/> Breyting úti	<input type="checkbox"/> Gler
gangsglugga til að gera útioftun mögulega.		
Sjá nánar á meðfylgjandi uppdráttum.		

5. Meðfylgjandi gögn og upplýsingar varðandi umsókn

<input checked="" type="checkbox"/> 4- Uppdráttarblöð í þrítíti	<input type="checkbox"/> Samþykki nágranna	<input type="checkbox"/> Frávik frá skilmálumbreyting á landnotkun
<input type="checkbox"/> Mælibleið	<input type="checkbox"/> Ástandsskýrsla	<input type="checkbox"/> Umsögn Húsfriðunarnefndar ríkisins
<input type="checkbox"/> Hæðarbláð	<input type="checkbox"/> Breytingar á eignaskiptum	<input type="checkbox"/> Vottunbyggingareininga
<input type="checkbox"/> Bréf umsækj. / hönnuða	<input type="checkbox"/> Starfsleyfisskyld atvinnustarfsemi	<input type="checkbox"/> Skráningartafla
<input checked="" type="checkbox"/> Samþykki meðeig. / -lóðarhafa	<input type="checkbox"/> Brunavarnauppdrættir	<input type="checkbox"/> Gátlisti
<input checked="" type="checkbox"/>		

6. Undirritun

Við byggingarframkvæmdir sem sótt er um verður farið eftir ákvæðum byggingarlaga, byggingarreglugerðar og annarra laga og reglugerða sem við eiga.

Í fullu umboði lóðarhafa, staður	Reykjavík	dagsetning:	17.12.2015
Nafn	Kennitala	Heimilisfang	Netfang/Sími
Reynir Kristjánsson	100361-4779	Lækjarbergi 62	reynir@verksyn.is

Reynir Kristjánsson

Kvittun fyrir móttöku

FUNDARGERÐ
Húsfundur húsfélagsins Suðurvangi 2-6
mánudaginn 14. desember 2015 klukkan 20.
Haldinn í Kiwanishúsinu Helluhrauni 22 í Hafnarfirði.

1. Fundur settur. Val á fundarstjóra og fundarritara

Ásta Rós Magnúsdóttir setti fundinn kl. 20:03. Fundarstjóri var skipaður Viktor Ómarsson og ritari Eyvindur Elí Albertsson, báðir frá JCI. Viktor þakkaði traustið og útskýrði fyrir fundarmönnum að þeir væru hvorki eigendur né íbúar í húsinu og að þeir ættu engra hagsmuna að gæta um niðurstöðu fundarins, væru eingöngu komnir til að aðstoða við að fundurinn færi fram í samræmi við fyrirframbuðaða dagskrá og fundarsköp. Enginn hreyfði mótmælum. Fundurinn var boðaður á venjubundinn hátt og barst fundarboð 8. desember 2015. Fundarstjóri kannaði hvort einhverjar athugasemdir væru við fundarboðið, engar athugasemdir bárust. Fundarstjóri lýsti fundinn lögmætan á forsendum fundarboðs. Alls voru mættir 14 fulltrúar frá 15 eignarhlutum af 24, þar af var eitt umboð (sjá f.skjal 1.1). Mætingalisti var látinn ganga á fundinum (sjá f.skjal 1.2).

2. Ákvörðun um töku á tilboði í utanhússframkvæmdir

Andri Reynisson frá Verksýn fór yfir útboðið auk þess hvaða tilboð hefðu borist í framkvæmdina (sjá f.skjal 2.1) og hvernig kostnaður myndi skiptast á íbúðirnar (sjá f.skjal 2.2)

Helstu framkvæmdir eru gluggaskipti á austurhlið, norðurgaffli og hluta suðurgaffls (inni í garði), slétt álklæðning á syðsta hluta austurhliðar og múrviðgerðir og málun á húsinu. Garðhlið frestað, að undanskildum handlistum og bráðaframkvæmdum við þekkta leka.

Andri svaraði spurningum úr sal. Spurning barst er varðaði gluggaskipti og hvort það væri hægt að neita að láta skipta um glugga á einstökum íbúðum. Andri svaraði því að húsfélagið tæki ákvörðun um hvort skipt yrðu um glugga í húsinu.

Lagt var til að ráðist yrði í utanhússframkvæmdir og gengið yrði að tilboði lægstbjóðanda í verkið, Smíðaverks ehf. sem bauð kr með vsk. 11 voru fylgjandi tillöggunni og 3 á móti og tillagan því samþykkt.

3. Ákvörðun um umsjón og eftirlit með framkvæmdum

Andri kom upp og fór yfir hvað fælist í því að annast og hafa umsjón og eftirlit með framkvæmdum. Spurning barst úr sal hvert hlutverk Verksýnar væri í verkinu og hvaða tryggingar væru til staðar að verktakar sinntu sínum skyldum. Andri svaraði því að það væri tekin verktrygging, fulltrúar frá Verksýn koma einu sinni á dag og fylgjast með verkinu þegar verkið er í fullum gangi, haldið eru utan um verkið, verkfundir haldnir, haldið utan um fjármál og fundargerðir ritaðar. Einnig sköpuðust umræður um greiðslufyrirkomulag og fjármögnun fyrir framkvæmdum. Kom meðal annars fram að húsfélagið ætlar sér ekki að taka lán fyrir framkvæmdunum. Andri bað um að fá það bókað í fundargerð að það hefði orðið breyting á hvernig gluggar yrðu settir í húsið, að farið yrði úr hlerum yfir í fög.

Lagt var til að láta Verksýn ehf. annast umsjón og eftirlit með þeim framkvæmdum sem samþykktar voru. Tilboð Verksýnar miðast við af framkvæmdakostnaði, eða kr. með vsk. 13 voru samþykkir tillöggunni og 1 á móti og tillagan því samþykkt.

4. Ákvörðun um greiðslur eigenda vegna framkvæmdakostnaðar

Stjórn húsfélagsins lagði til að kostnaður við ofangreindar byggingarframkvæmdir ásamt umsjón og eftirliti verði innheimtur skv. ákvæðum fjöleignahúsalaga á 6 gjalddögum. Síðasti gjalddagi verði 1. júlí 2016, 2 mánuðum fyrir áætluð verklok, sem eru áætluð 1. september 2016 skv. útboðsgögnum. Lagt er til að innheimt verði hlutfallslega skv. eftirfarandi: 15. janúar: 15%, 15. febrúar 15%, 15. mars 20%, 15. apríl 20%, 15. maí 10%, 15. júní 10% og 15. júlí 10%.

Umræður sköpuðust um innheimtu og hvað gerðist ef eingarhluti stæði ekki í skilum og hvort stæði til að hækka greiðslur í hússjóð.

Að lokum var gengið til atkvæða.

12 voru fylgjandi tillöggunni og 2 á móti og tillagan því samþykkt.

5. Ákvörðun um heimild til lántöku

Lagt var til að veita stjórn Húsfélagsins Suðurvangi 2-6 heimild til töku yfirdráttarláns allt að króna vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Er heimildin fyrir yfirdráttarlánu veitt til greiðslu reikninga verktaka, verði hraði framkvæmda meiri en sem svara innheimtu framkvæmdagjalda á hverjum tíma. Tillagan var samþykkt samhljóða.

6. Kosning á nýjum gjaldkera

Helena Dögg Olgeirsdóttir lét nýlega af störfum sem gjaldkeri húsfélagsins.

Fundarstjóri kallaði eftir framboðum í stjórn, Arthúr Pétursson Suðurvangi 4 í íbúð 0103 bauð sig fram og var hann kjörinn með lófataki.

Arthúr vildi láta bóka í fundargerð að hann myndi sinna starfinu fram að næsta aðalfundi, en hann verður að halda fyrir lok apríl 2016.

7. Önnur mál


- Lagt var til að setja eitt opnanlegt fag í hvern stigagang, milli annarar og þriðju hæðar, útfærsla fari síðan eftir stigagöngum. Tillagan var samþykkt samhljóða.
- Sigurjón Benediktsson Suðurvangi 2 íbúð 0201 óskaði eftir að fá að setja opnanlegt fag í sinn glugga í skoti aftan við húsið. Beiðnin var samþykkt samhljóða.
- Því var beint til stjórnar að gera lokaðan Facebookhóp fyrir húsfélagið þar sem hægt er að eiga samskipti og deila skjölum.

8. Fundargerð lesin og leiðrétt

Fundarritari las upp fundargerð og var hún samþykkt með áorðnum breytingum

9. Fundi slitið

Fundarstjóri sleit fundinum klukkan 21:20


Viktor Ómarsson
Fundarstjóri


Eyvindur Elí Albertsson
Fundarritari